

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 164/2020**

**frá 23. október 2020**

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/910 frá 30. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2015/1998, (ESB) 2019/103 og (ESB) 2019/1583 að því er varðar endurtilnefningu flugrekenda, rekstraraðila og eininga sem annast flugverndareftirlit vegna flugfarms og flugpósts sem kemur frá þriðju löndum sem og frestun tiltekinna krafna samkvæmt reglum að því er varðar netöryggi, bakgrunnsathugun, staðla um búnað til greiningar sprengiefnis og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni vegna COVID-19 heimsfaraldursins <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2020/4241 frá 30. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2019) 132 lokagerð að því er varðar frestun á framkvæmd tiltekinna krafna samkvæmt reglum á sviði bakgrunnsathugana vegna COVID-19-heimsfaraldursins.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1998):

„– **32020 R 0910**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/910 frá 30. júní 2020 (Stjtið. ESB L 208, 1.7.2020, bls. 43).“

2. Eftirfarandi er bætt við í þriðja undirlið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2019) 0132) liðar 66hf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2005) 8805):

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 208, 1.7. 2020, bls. 43.

„, breytt með:

– **32020 D 4241**: Framkvæmdarákvörðun C(2020) 4241 frá 30.6.2020.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/910, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.